

## Erindisbréf

Framkvæmdanefnd um uppbyggingu á athafnasvæði Hestamannafélagsins Sörla.

Hafnarfjarðarbær og Hestamannafélagið Sörli (Sörli) hafa gert samkomulag um uppbyggingu reiðhallar og félagsaðstöðu á athafnasvæði Sörla í samræmi við lokaskýrslu sem starfshópur um uppbyggingu á athafnasvæði Sörla skilaði til bæjarráðs 27. febrúar 2020.

### I) Hlutverk:

Framkvæmdanefndin skal vinna eftir samkomulagi Hafnarfjarðarbæjar og Sörla um uppbyggingu reiðhallar og félagsaðstöðu á athafnasvæði Sörla og fullkanna allar tölulegar staðreyndir og kostnað vegna framkvæmdarinnar.

Vinna við lið 1 (kostnaðarskipting) skal lokið áður en vinna við lið 2 (undirbúningur og hönnun) hefst.

1. Framkvæmdanefndin skal skila bæjarráði tillögu að kostnaðarskiptingu milli aðila og hafa þar til hliðsjónar kostnaðar- og eignaskiptingu sambærilegra félaga hjá Hafnarfjarðarbæ. Bæjarráð skal taka afstöðu til tillögu framkvæmdanefndarinnar og vísa til staðfestingar í bæjarstjórn.
2. Nefndin skal koma að undirbúningi að hönnun og síðan framkvæmdum verksins. Þá skal nefndin koma að undirbúningi á fjármögnun verkefnisins, m.a. yfirfara lausar hesthúsaloðir og kanna virði þeirra. Nefndin skal hafa skýrslu starfshóps um uppbyggingu á athafnasvæði Sörla til hliðsjónar við verkefnið.

### II) Skipulag:

Framkvæmdanefndin skal hefja störf eftir að bæjarráð hefur skipað í hópinn. Nefndin skal funda eftir framgangi verksins. Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf nefndarinnar. Framkvæmdanefndin starfar í umboði bæjarráðs.

*Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku.*



**HAFNARFJÖRÐUR**

**III) Skipan hópsins:**

2 fulltrúar frá meirihluta

1 fulltrúi frá minnihluta

2 fulltrúar frá Sörla

**Með hópnum starfa:** Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, sviðsstjóri fjármálasviðs og íþróttá- og tómstundafulltrúi

Samþykkt í bæjarráði 7. maí 2020

Skipað í hópinn

*Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku.*